



OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við Viktoríu Hermannsdóttur
- bls. 8-9
Reykjavíkurflugvöllur



Nemendur Hagaskóla sem unnu að hlaðvarpinu „Jörðin“ í Vinnuskólanum.

Nemendur Vinnuskólans bjuggu til hlaðvarp

Vinnuskólinn er sífellt að finna upp á nýjum og nýjum verkefnum fyrir ungmennt. Í Félagsmiðstöðinni Frosta bjuggu nemendur í Hagaskóla sem eru þar í vinnu á vegum félagsmiðstöðvarinnar og Vinnuskóla Reykjavíkur til hlaðvarp. Þar með er fjölmiðlun orðin viðfangsefni vinnuskólanema og ef til ekki seinna vænna fyrir þá að kynnast möguleika nútíma fjölmiðlunar.

Hlaðvarpið fjallar um jörðina, umhverfismál og hvað maður getur gert til að hjálpa til við að bjarga

jörðinni í litlum sem og stórum skrefum. Hugmyndin um hlaðvarp kom fram þegar var verið að ræða um hverju hópurninn ætti að skila af sér og hvernig það ætti að vera. Eftir að hugmyndin um hlaðvarpið kom upp var ákveðið að hefja heimildarvinnu, tæknivinnu, semja stef fyrir hlaðvarpið og afla sér frekar upplýsinga um málaflokkinn. Upptökur fóru fram í stúdíói hjá Frosta. Úr varð hlaðvarpið „Jörðin“. Hópurinn er afar stoltur af afurðinni og er hægt að hlusta á þættina á eftirfarandi slóð: <https://soundcloud.com/user-180993863>

20.000KR. Í HVELLI!
FINNUR ÞÚ?
Þú gætir unnið 20.000 kr. í einum hveli!
HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skaf!

Systrasamlagið
Erum á Óðinsgötu 1
Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

www.borgarblod.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Grillsumarið 2019



Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

Helgartilboð úr kjötborði!

Grísakótilettur, grísalundir og úrbeinaðir grísahnakkar.

- helgina 18.-21. júlí - meðan birgðir endast

Íslenskt ferskt grænmeti:
Nýuppteknar gullauga kartöflur, spergilkál, blómkál, gulrætur ofl.



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

7. tbl. 22. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Borg bílsins

Rúmlega 300 þúsund bílar voru skráðir hér á landi undir lok síðasta árs. Þótt bílar sem teljast til atvinnutækja séu í þessari tölu virðist vera nokkuð vel í lagt ef miðað er við fjölda landsmanna sem ekki nær 400 þúsundum.

Bíllinn tók við af hestinum sem hinn þarfi þjónn í dreifðri byggð – bæjum sem sveitum. Landsmenn virtust hafa himinn höndum tekið þegar þessi mótordrifni fákur á fjórum hjólum hélt innreið sína í tilvist mannsins.

Landslagið tók fljótt á sig þá mynd sem hentaði bílnum einkum í þéttbýli þar sem finna má mörg einkenni þess í skipulagi að unnið hafi verið út frá þörfum hans. Einkum gætir þess í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu þar sem menn völdu einkabílinn sem aðalsamgöngutæki ekkert síður en í dreifðum byggðum.

Áumliðnum árum hefur íbúum fjölgað og bílaeignin stöðugt verið að vaxa. Nú er svo komið að rými fyrir fjölda bíla á götum borgarinnar er takmarkað. Af þeim sökum er nauðsynlegt að finna fjölbreyttari samgöngumáta.

Þeir sem dvalið hafa í borgum erlendis þekkja vel þau vandamál sem af einkabílnum stafa og hvernig aðrir samgöngumátar hafa þróast. Þar hefur fólk vanist að fara á milli staða eftir öðrum leiðum en að sitja undir stýri. Nú er að vakna upp kynslóð hér sem saknar breytilegra samgöngumáta. Sú kynslóð horfir einnig með alvarlegri augum til loftslagsvanda en þær eldri.

Við þessu þarf að bregðast. Annars vegar vaxandi plássleysi fyrir einkabílinn og hins vegar auknum áhuga fólks að geta farið um eftir öðrum leiðum. Í fámennu landi getur verið erfitt að láta öfluga almenningssamgöngumáta standa rekstrarlega undir sér. En öll umferðarmannvirki eru kostnaðarsöm hverju nafni sem þau nefnast.

Einkabíllinn er þó ekki að hverfa. Hann mun áfram þjóna hlutverki í samgöngumálum borgar og lands. En fleiri samgöngumátar þurfa að koma til eigi að bregðast við aðstæðum – heimaþingnum sem utanaðkomandi. Reykjavík verður áfram borg bílsins en hún mun einnig í vaxandi mæli þarfnast annarra samgöngumáta.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

Matarmarkaður og viðburður á Miðbakknum



Miðbakkinn gömlu Reykjavíkur. Þar sem bílastæðin voru hefur verið komið á fót almenningsskými með matarmarkaði og ýmsum viðburðum í sumar.

Matarmarkaður hefur verið opnaður á Miðbakka við gömlu Reykjavíkurhöfn. Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir hafa tekið Miðbakkann til notkunar sem almannarými en svæðið hefur á undanförunum árum verið bílastæði. Á Miðbakknum verður lögð áhersla á samspil milli hafnar, borgar og borgarbúa.

Miðbakkasvæðið hefur verið málað í áberandi litum og mynstri og margt verður á dagskrá auk matarmarkaðarins í sumar. Gert er ráð fyrir ýmsum tímabundnum verkefnum á svæðinu sem eru hugsuð fyrir alla fjölskylduna. Þar verður meðal annars hjólabrettavöllur, hjólaleikvöllur, körfuboltavöllur og matartorg með matarvögnum. Hjólabrettasvæðið er hannað í samráði við hjólabrettaiðkendur og aðila sem rekur hjólabrettaskóla

í borginni. Veitt verða dagsöluleyfi fyrir fimm til sex matarvagna á svæðinu frá klukkan 9:00 til 21:00 alla daga, fram til 15. september. Sjávarfang verður áberandi á matseðlunum en einnig verður boðið upp á annars konar mat. Hugmyndin baki þessu er að breyta hafnarbakknum úr bílastæðum í lifandi almenningsskými. Þetta verkefni er tímabundið og ekki liggur fyrir hvernig Miðbakkinn verður skipulagður í framtíðinni. Borgaryfirvöld og stjórn Faxaflóahafna leggur áherslu á að þarna verði athafnasvæði fyrir fjölskyldur og má líkja þessu við torg í biðstöðu á meðan hvaða möguleikar henti þarna til frambúðar verða kannaðir. Endurheimt Miðbakkans mun ekki hafa áhrif á kaup malasíska fasteignarísans Berjaya Land Berhad á Geirsgötu 11.



QWIC

...margverðlaunuð hollensk rafmagnshjól
rafmagnshjól.is // Fiskislóð 45 // S. 534 6600

Kaldalón byggir á BYKO reitnum



Myndin sýnir umfang fyrirhugaðrar byggðar. Hæstu húsin verða næst Hringbrautinni.
Teikning/Plúsarkitektar

Byggingafélagið Kaldalón hefur fest kaup á Byko reitnum við Hringbraut. Reiturinn er nú nefndur Grandatorg og er gamalt athafnasvæði Bifreiðarstöðvar Steindórs en þar var viðgerðastöð stöðvarinnar staðsett. Kaldalón keypti reitinn af félaginu K. Steindórs-son ehf. sem er í eigu Hilmars Þórs Kristinssonar og Jóhanns G. Jóhannssonar.

Í dag er gert ráð fyrir að byggja allt að 70 íbúðir, sambyli og atvinnuhúsnæði. Samkvæmt deiliskipulagstillögu

sem Reykjavíkurborg hefur auglýst að breytingum á deiliskipulagi Byko-reits við vesturenda Hringbrautar gegnt JL húsinu verða byggðar 70 íbúðir á 3.250 fermetrum í tveggja til fjögurra hæða byggingum. Á 4.300 fermetrar er ætlunin að byggja hótél upp á hæðir og verslun og þjónusta verða á um 450 fermetrar. Þá er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir svölum og bakgörðum 3.450 fermetrar. Heildarbyggingamagn á reitnum verður 15.700 fermetrar. Deiliskipulagið og hugmynd sem unnin var af Plús

Arkitektum mætti andstöðu íbúa í nágrenninu og einkum við Sólvallagötu sem töldu að með þeim væri verið að gera reitinn að hverfiskjarna í stað þess að það yrði íbúðabyggð. Nú er gert ráð fyrir íbúðum og atvinnuhúsnæði á allt að átta þúsund fermetrum. Ekki liggur fyrir hvort ráðist verði í hótélbyggingu á svæðinu en forsvarsmenn og Kvikubanka sem er fjármögnunaraðili telja að í fyrstu að minnsta kosti verði einkum hugað að íbúðabyggingum.



reykjavikrost.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI 511 1188 - 895 8298

KIRKJUBRAUT 1, SELTJARNARNES

Sölusýning verður miðvikudaginn 24. júlí kl. 18 - 19.



Domusnova fasteignasala kynnir til sölu 5 íbúðir í endurbyggðu fjölbýlishúsi á Kirkjubraut 1 á Seltjarnarnesi.

Um er að ræða 2 - 3ja herbergja fullbúnar íbúðir tilbúnar til afhendingar við kaupsamning. Sérinnngangur í 3 íbúðir.

Húsið hefur verið endurnýjað að öllu leyti að innan sem utan og má því segja að um nýja eign sé að ræða. Allur frágangur er vandaður og eru engar tvær íbúðir eins.

Verð frá 39,9 - 52,9 m. kr.

Upplýsingar veitir:

Snorri Björn Sturluson fasteignasali / lögmaður í síma 699-4407 eða snorri@domusnova.is

Skrifstofa Domusnova fasteignasölu í síma 527-1717 eða domusnova@domusnova.is

DOMUSnova
Fasteignasala

Nýbýlavegur 8 Kópavogi og Austurvegi 4 Selfossi - Sími 527 1717 - www.domusnova.is

Gamli Vesturbærinn er draumastaður

- segir Viktoría Hermannsdóttir blaða- og dagskrárgerðarkona

Hringbrautin hefur verið til umræðu í Vesturbænum og víðar. Hringbrautin er þjóðvegur í þéttbýli og því á forsjá Vegagerðarinnar. Hringbrautin er þung umferðaræð sem liggur í gegnum Vesturbæinn miðjan. Auk þess að flytja umferð til og frá Vesturbænum er hún nær eina tenging Seltjarnar-nesbæjar, sveitarfélags vestan Reykjavíkur sem telur hálft fimmta þúsund íbúa til annarra byggða. Ókuhraði á Hringbrautinni var til skamms tíma 60 kílómetrar og klukkustund en var lækkaður fyrr á þessu ári í kjölfar þess að ekið var á börn á gatnamótum. Viktoría Hermannsdóttir blaða- og dagskrárgerðarkona hefur búið við Hringbrautina ásamt manni sínum Sólmundi Hólm og börnum um tveggja ára skeið. Hún er ekki Vesturbæingur, er uppalin í Breiðholti og hefur einnig búið í Miðborginni og Hlíðunum. Viktoría spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni og talið berst fyrst að einu af áhugamálum hennar sem snerta marga aðra Vesturbæinga. Götuna sem hún býr við. Hringbrautina en þau búa í einu af parhúsum sem lengi hafa verið kölluð Samvinnuhúsin sem voru byggð af byggingafélagi Samvinnumanna á fjórða áratug síðustu aldar.

„Við fluttum hingað í maí 2017, það var eiginlega tilviljun að við fundum þetta hús. Tengdaforeldrar vinkonu minnar bjuggu hérna og við sáuum að það var komið á sölu. Við vorum frekar nýbyrjuð saman og ætluðum kannski ekkert að fara kaupa okkur hús strax. En svo komum við hingað að skoða og það var ekki aftur snúið, okkur fannst svo góður andi hérna inni. Við fundum strax að hér vildum við vera og höfum við ekki séð eftir því. Þetta er yndislegt hús sem við erum búin að vera gera upp í róleigheitum enda var hér margt komið til ára sinna,“ segir Viktoría en nú er verið að skipta um glugga í húsinu og klæða það að utan. „Við erum sex í fjölskyldu og því kannski ekki hlaupið að því að finna hús sem rúmar alla hér í Vesturbænum. Við eigum bæði börn úr fyrri samböndum og hinir foreldrarnir búa líka í Vesturbænum þannig þetta hentar allt mjög vel og auðvelt fyrir þau að fara á milli.“

Draumastaður í mínum huga

„Þetta er algjör draumastaður í mínum huga og mikil forréttindi felast í að búa hér. Flest er í göngufæri. Maður getur nánast lagt bílnum. Svo er bara svo gaman að ganga hér um. Gamli vesturbærinn er svo fallegur, húsin eru falleg og mikil saga alls staðar. Þó ég sé alin upp í Breiðholti og aldrei haft nein tengsl við Vesturbæinn þá finnst mér ég einhvern veginn vera komin heim núna,“ segir hún.

„Það er mikil og góð orka í gamla Vesturbænum. Hér er sagan allt í kringum okkur. Við Sóli göngum mikið um bæinn og höfum áhuga á gömlum húsum. Hér er maður alltaf að uppgötva ný hús í götum sem maður hefur oft gengið áður. Það er svo merkilegt, í hverjum göngutúr sé ég eitthvað nýtt,“ segir hún og kann vel við stemninguna í hverfinu.

Ákveðinn þorpsbragur

„Það er svona ákveðinn þorpsbragur hérna. Maður er alltaf að hitta eitthvað fólk sem maður þekkir og fólk stoppar og spjallar saman. Það var svolítið krúttlegt þegar við fórum í fyrsta göngutúrinn með litlu stelpuna okkar þá var fólk að koma út í glugga og kalla til okkar og óska okkur til hamingju. Það er skemmtileg stemning hérna,“ segir Viktoría og talið berst að Hringbrautinni. Umferðargötunni sem skiptir Vesturbænum. Viktoría segir umferð allt of hraða við Hringbrautina.

Hraðamyndavélar við hver ljós

„Þetta er íbúðahverfi og það hefur sýnt sig hversu hættulegt það er að bílar keyri svo hratt eftir götunni. Ég gerði mér auðvitað alltaf grein fyrir því að ég væri að flytja við umferðargötu en ég áttaði mig ekki á því hvað margir ökumenn keyra ógætilega eftir Hringbrautinni. Það er skóli við götuna og maður er alltaf hræddur um börnin sín við götuna. Ekki af því að þau kunni ekki að umgangast hana heldur vegna þess að hér gerist það ítrekað að bílstjórar keyri of hratt og fari yfir á rauðu ljósi. Gatan er hamlandi fyrir börn og sýnir sig í því að

börn sem búa norðan megin við Hringbraut sækja minna til dæmis í frístundastarf sem er allt sunnan við Hringbraut. Þetta er gömul saga og ný en það er löngu kominn tími til að fá einhverjar almennilegar lausnir hérna. Á íbúafundi sem haldinn var hér í vetur kom fram að verið væri að vinna í lausnum en þar kom skýrt fram að íbúar eru orðnir langþreyttir á þessu ástandi og við viljum lausnir strax. Umferðarhraðinn var lækkaður niður í 40 en það er ekki nóg, það er enn keyrt allt of hratt hérna og að mínu mati væri best að hafa hraðamyndavélar á hverju ljósi þangað til unnið er að alvöru lausnum. Það væri fljótt að borga sig upp með sektunum frá þeim sem keyra of hratt og langtíma áhrifin væru vonandi þau að umferðarmenning hér á Hringbrautinni myndi batna.“

Úr Breiðholti í Miðborg í Hlíðar og Vesturbæ

Næst berst talið að upprunanum. „Ég er ættuð héðan og þaðan. Við Sólmundur erum bæði ættuð að hluta úr Ölfusinu en ég er alin upp í Seljahverfinu í Breiðholti og bjó þar þangað til ég fór að heiman þegar ég var svona sautján ára en flutti svo aftur heim til mómmu og pabba í smá tíma. Þótt ég hafi yfirgefið Breiðholtið þá á það alltaf ákveðinn stað í hjarta mínu. Maður tengist æskustöðvunum með ýmsu móti. Seljahverfið er yndislegt hverfi og það var gott að alast þar upp. Mér finnst samt vanta meiri þjónustu í hverfið í dag. Það væri gaman ef það væri kaffihús og bakarí inn í hverfinu. Einhverjir staðir þar sem fólk getur komið til að hitta aðra og spjalla saman. En eftir því sem ég best veit er þetta aðeins að glæðast og stefnir til betri vegar. Ég bjó síðan um tíma í 101-um og síðan í Hlíðunum áður en ég flutti hingað í vesturbæinn.“

Er alltaf að fá hugmyndir

Viktoría á að baki fjölbreyttan feril í fjölmiðlum. Undanfarin ár hefur hún starfað á RÚV við dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi en núna er hún í fæðingarorlofi en hún eignaðist dótturina Hólmfríði Rósu, í enda mars. „Ég er í orlofi núna en býst við að fara aftur í dagskrárgerð að því loknu. Ég vinn mikið og er alltaf



Viktoría heima í eldhúsinu á Hringbraut með Hólmfríði Rósu dóttur sína sem er fimm mánaða.

Á íbúafundi sem haldinn var hér í vetur kom fram að verið væri að vinna í lausnum en þar kom skýrt fram að íbúar eru orðnir langþreyttir á þessu ástandi og við viljum lausnir strax. Umferðarhraðinn var lækkaður niður í 40 en það er ekki nóg, það er enn keyrt allt of hratt hérna og að mínu mati væri best að hafa hraðamyndavélar á hverju ljósi þangað til unnið er að alvöru lausnum.

að fá einhverjar hugmyndir. Það er áskorun hjá mér að reyna vera róleg í orlofinu. Þegar maður er í fjölmiðlabransanum held ég að þetta verði ákveðinn lífsstíll. Maður er alltaf með hugann við einhver verkefni. Ég byrjaði í þessu þegar ég gekk með eldri stelpuna mína.

Þá fór ég að vinna hjá DV. Ég var þar í nokkur ár en fór svo yfir til Fréttablaðsins og ritstýrði meðal annars helgarblaðinu þar. Ég var líka aðeins á hjá Stöð 2 sem þá var í eigu 365 eins og Fréttablaðið en starfa núna hjá RÚV. Ég byrjaði á fréttastofunni en fór svo yfir

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Þessi mynd er tekin á horninu á Bræðraborgarstíg og Hringbraut skammt frá húsi Viktoríu og Sólmundar. 30 kílómetra hámarkshraði er á Bræðraborgarstíg en 40 á Hringbraut eftir hann var lækkaður. Hraðakstur er þó enn stundaður og á meðan myndatökumaður stóð á eyjunni á Hringbraut þutu bílar framhjá á mikilli ferð.

Í dagskrárgerð bæði í útvarpi og sjónvarpi. Það hentar mér betur. Ég hef mikinn áhuga á fólki en minna á einhverju þrasi. Mér finnst áhugaverðara að segja sögur. Ég er alltaf að hitta fólk sem hefur áhugaverðar sögur að segja og ég þefa þær líka uppi. Sögurnar eru allt í kringum okkur og það er gaman að gera þeim skil."

Vesturbærinn fullur af efnisuppsprettum

"Ég býst við að halda áfram í þessu þegar litla stækkar aðeins. Í haust er að koma sjónvarpsþáttaröð sem heitir Fyrir alla muni sem ég gerði með Sigurði Helga Pálmasyni á síðastliðnu sumri. Síggi er vel að sér í safnaraheiminum sem er stórmerkilegur heimur og hefur í

gegnum tíðina komist í kynni við marga safnara. Í þessu brasi sínu í gegnum tíðina hefur hann rekist á marga muni sem sagðir eru tengjast sögufrægum persónum eða atburðum í Íslandssögunni. Í þáttaröðinni skoðum við nokkra af þessum hlutum segjum söguna bak við það sem þeir eru sagðir tengjast og reynum að komast til botns í því hvort það sé rétt. Það var mjög skemmtilegt að vinna þessa þáttaröð og vonandi líkar fólki hún," segir Viktoría en á síðasta ári voru sýndir þættirnir Síteynd sem hún og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir gerðu og fjölluðu um samfélagsmiðla. Hún hefur líka verið með vikulega þætti á Rás 1 sem heita Málið er og gert útvarpsþáttaraðirnar Kverkatak ásamt Þórhildi Ólafsdóttir og Ástandsbörn. „Svo gerði ég

útvarpsþátt sem heitir Á ég bróður á Íslandi sem fjallar um leit bandaríks manns að hálfbróður sínum á Íslandi. Faðir hans sagði honum frá því á dánarbeðinum að hann hefði eignast son á hér á landi þegar hann sinnti hér herskyldu í seinni heimsstyrjöldinni. Við fundum íslenska bróðurinn og þátturinn vakti mikla athygli enda saga bróðurins mjög óvenjuleg að mörgu leyti. Móðir hans var 47 ára þegar hún átti þetta barn með ungum bandarískum hermanni og hann vissi aldrei hver faðir sinn var. Nú er ég að vinna að heimildarmynd um þessa sögu. Sagan á sér meðal annars stað hér í Vesturbænum eins og svo margar sögur. Ég er sko ekki hætt að grafa eftir sögum og Vesturbærinn er fullur af efnisuppsprettum."

Öflugt skáklíf í Landakotsskóla

- þriðjungur nemenda tók þátt



Verðlaunahafar á skákmóti Landakotsskóla.

Öflugt skáklíf er í Landakotsskóla og mikið var um að vera í því Landakotsskóla á liðnum vetri. Ungt skákáhugafólk heimsótti meðal annars Fischer setrið á var Selfossi var heimsótt í upphafi skólaárs. Nemendur Landakotsskóla náðu frábærum árangri á grunnskólamótum vetrarins og skólinn bauð heim til Íslandsmóts grunnskólasveita í mars.

Skákstarfi vetrarins lauk með skólamóti á árvissum skákdegi Landakotsskóla þann 10. maí síðastliðinn. Mótið var haldið í þriðja sinn og var opið öllum nemendum skólans í fyrsta til tíunda bekk. Fleiri keppendur tóku þátt í mótinu en nokkru sinni áður eða áttatíu og tveir nemendur tóku þátt sem er um þriðjungur nemenda við skólann. Þátttakendur hefðu verið enn fleiri ef ekki hefði þurft að takmarka þátttöku vegna plássleysis í matsalnum. Tefldar voru sjö umferðir og tímamörk voru 10 mínútur.

MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímappantánir!

Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með hágæða **MOTUL** olíum.

Skerfirðingar á móti póstnúmerabreytingu



Ásdís Pétursdóttir afhendir Degi B. Eggertssyni borgarstjóra undirskriftir gegn því að Skerjafjörður verði í póstnúmeri 102.

Íbúar í Skerjafirði hafa ítrekað mótmælt breytingu á póstnúmeri hverfisins úr 101 í 102. Borgarstjóri lagði fram tillögu þess efnis í borgarráði 17. janúar sl. að þess yrði farið á leit við póstnúmeranefnd að breyta póstnúmeri vestan Njarðargötu að Suðurgötu og í Skerjafirði og að nýja byggðin við Hlíðarenda fengi sama póstnúmer. Þá lagði borgarstjóri jafnframt fram svohljóðandi tillögu í borgarráði 16. maí sl. Lagt er til að borgarráð samþykki að greiða kostnað vegna stofnunar nýs póstnúmers í Vatnsmýrinni að upphæð kr. 2.320.000 auk virðisaukaskatts.

Borgarráð kallaði eftir sjónarmiðum frá íbúum í Skerjafirði, uppbyggingaraðilum á Hlíðarenda og frá Knattspyrnufélaginu Val. Árdís Pétursdóttir stjórnarmaður í Prýðifélaginu Skildi sagði að ekki hafi verið leitað eftir umsögn frá KR en stór hluti þessa svæðis hefur tilheyrt áhrifasvæði félagsins.

Ennfremur segir Árdís að íbúar í Skerjafirði hafa ítrekað mótmælt breytingu á póstnúmeri hverfisins úr 101 í 102 og komið þeim sjónarmiðum á framfæri við borgaryfirvöld. Afstaða íbúa hefur komið skýrt fram í skoðanakönnunum á vegum Prýðifélagsins Skjalda íbúasamtaka Skerjafjarðar, í ályktun frá fundum félagsins og nú síðast með undirskriftasöfnun meðal íbúa sem hátt í 300 kosningabærir íbúar skrifuðu undir og afhentu borgarstjóra áður en málið var endanlega afgreitt í borgarstjórn 18. júní sl.

„Íbúar Skerjafjarðar telja engin handbær rök styðja nauðsyn þess að póstnúmeri hverfisins verði breytt til samræmis við nýja hverfið á Hlíðarenda enda verður um tvö aðskilin hverfi að ræða sem sækja munu alla sína þjónustu á sitthvoru svæðinu og eiga lítið sameiginlegt. Skerjafjörðurinn hefur hingað til tilheyrt Vesturbænum og sækir alla sína þjónustu þangað. Þá telja íbúar að auðveldlega hefði verið hægt að koma til móts við íbúa á báðum svæðum þannig að Skerjafjörður yrði áfram 101 en Hlíðarendi hefði fengið póstnúmerið 102. Þannig hefði íbúalýðræði verið virt en ekki farið gegn yfirgnæfandi vilja íbúa annars hverfisins en eingöngu komið til móts við óskir hins nýja hverfis á Hlíðarenda, segir Ásdís Pétursdóttir.“

Óvissa um framtíð JL-hússins



JL-húsið hefur lengi verið eitt af kennileitum Reykjavíkur.

Óvíst er um framtíð JL-hússins sem stendur ónotað utan þess að Myndlistarskóli Reykjavíkur er með aðsetur þar. Efri hæðir þess hafa verið auglýstar til sölu auk jarðhæðar. Þá hefur ekki verið gengið frá kaupum á tveimur neðri hæðum sem eru í eigu Myndlistaskólans þótt samþykkt tilboð liggi fyrir.

Áform voru um að þýska hótélkeðjan Meininger myndi opna í JL húsinu á næsta ári en þau áform virðast komin í biðstöðu eða verið lögð til hliðar. Gistiheimilið Oddsson var rekið í JL-húsinu frá því í maí 2016 og þar til í október 2018 og

veitingastaðurinn Bazaar rekinn á jarðhæð hússins þar sem einnig var bar, bistro veitingastaður og kaffihús. Margrét Ásgeirsdóttir fjárfestir og knattspyrnumaðurinn Arnar Gunnlaugsson komu hótelinu á fót. Hótelinu var lokað í september og öllu starfsfólkinu sagt upp. Tvær neðri hæðir hússins eru í eigu myndlistarskólans en efri hæðirnar og jarðhæðin er í JL Holding ehf. Eigandi þess er Margrét Ásgeirsdóttir fyrrverandi eiginkona Skúla Mogesen sem kenndur er við WOW Air en þau skildu fyrir allnokkrum árum.

Íbúðakjarni fyrir fatlaða við Hringbraut

Borgarráð hefur samþykkt kaup borgarinnar á Hringbraut 79 en þar verður íbúðakjarni fyrir fatlað fólk. Hringbraut 79 samanstendur af tveimur íbúðum ásamt tvöföldum bílskúr. Íbúðirnar skiptast í sjö íbúðaeiningar, sem allar eru með sér eldhúsinnréttingu og baðherbergi. Með húsinu fylgir húsbúnaður.

Kaupin eru liður í samþykki borgarráðs í janúar 2019 um forgangsriðun á uppbyggingu og eða kaupum á húsnæði fyrir íbúðakjarna fyrir konur með geðfötlun og fjölþættan vanda. Húsið er samtals 395,3 fermetrar að stærð og verður framleigt til velferðasviðs Reykjavíkurborgar. Hlutverk íbúðakjarnans er að veita þeim aðstoð til að eiga sjálfstætt og innihaldsríkt líf innan og utan heimils með því að mæta þörfum þeirra á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt með áherslu á sjálfstætt líf og valdeflandi stuðning. Áætlað er að starfsemi hefjist í húsinu síðla næsta haust.

Nokkrar umræður hafa spunnist um kaupverð hússins sem er 230



Hringbraut 79 þar verður íbúðakjarni fyrir fatlað fólk.

milljónir króna en auk þess þarf að leggja fram fimm milljónir til lagfæringa og búa húsnæðið fyrir væntanlegt hlutverk. Bjarni upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar bendir á að ásett verð hafi verið 280 milljónir. Verðmat hússins hafi verið 240 milljónir en borgin hafi keypt það á 230

milljónir með búnaði, sem sé líklega um 10 milljóna króna virði. Þá megi líta til þess að húseignin er nýuppgerð að utan sem innan. Litlu þurfi að breyta til að skjólstæðingar borgarinnar geti flutt beint inn. Það skýrir verðið sem borgin greiðir.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Sjálfstætt
starfandi apótek
sem býður
persónulega
þjónustu og
hagstæð verð á
lyfjum og öðrum
heilsutengdum
vörum.

OPNUNAR-
TÍMAR:

Virka daga
09.00-19.00

Laugardaga
10.00-16.00

Sunnudaga
12.00-16.00



Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46



APÓTEK

S: 414 4646



Tölvumynd af fyrirhuguðum byggingum í Vesturbugt.

Kaldalón byggir í Vesturbugt

Kaldalón byggingar hf. hefur eignast meirihlutann í Vesturbugt eignarhaldsfélagi ehf. Kaldalón hyggst reisa 176 íbúðir og ásamt verslunar og þjónusturými í Vesturbugt við Reykjavíkurborg, milli Slippsins og Mýrargötu 26. Ráðgert er að verkefnið í heild muni kosta um 10 milljarða króna.

Gerir ráð fyrir að Kaldalón muni alls leggja á bilinu einn til tvo milljarða króna í hlutafé vegna framkvæmda við Vesturbugt og muni eignast 80% hlut í verkefninu.

Óvissa hefur verið um framkvæmdir í

Vesturbugtinni. Framkvæmdir áttu að hefjast um mitt síðasta ár en fjármögnun vegna verkefnisins gekk ekki eftir því viðskiptabanki félagsins Vesturbugt dró vilyrði fyrir fjármögunum til baka. Reykjavíkurborg veitti þá félaginu sex mánaða frest til viðbótar því sem kveðið var á um í samningum. Eftir það var gengið til samninga við Kviku banka og á liðnu hausti var ákveðið að bankinn myndi afla framkvæmdafjár til verksins. Gert er ráð fyrir að íbúðir og annað húsnæði í Vesturbugt verði tilbúið til sölu eftir þrjú til fjögur ár.



**Skráningar í
fermingarfræðslu
í Neskirkju
veturinn 2019 til 2020
eru hafnar á slóðinni
neskirkja.is**



ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

VESTURBÆINGAR VERIÐ VELKOMIN Á KAFFITÁR ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS, SUÐURGÖTU 41, 101 REYKJAVÍK.



ÓKEYPIS KVÖLDGÖNGUR

fimmtudaginn
25. júlí kl. 20:00



Á slóðum **Gvendar Jóns**
Þorgeir Tryggvason leiðir gesti um
slóðir hins uppátækjasama
Gvendar Jóns.

Lagt af stað frá Borgarbókasafninu Grófinni.

fimmtudaginn
8. ágúst kl. 18:00

HINSEGIN
BOKMENNTAGANGA

Soffía Auður Birgisdóttir leiðir göngu
um slóðir hinsegin bókmennta
í miðborginni.

Lagt af stað frá Borgarbókasafninu Grófinni.

BORGARBÓKASAFNIÐ www.borgarbokasafn.is
MENNINGARHÚS [f](#) Borgarbókasafnið [t](#) @borgarbokasafn

Bretar byggðu Reykjavíkurflugvöll

- hugmyndir um Vatnsmýrina ná þó lengra aftur í tímann



Algeng sjón á Reykjavíkurflugvelli til margra ára. Ein af Fokker F 27 vélum Flugfélags Íslands en Fokker fyrst F 27 og síðar 50 vélarnar þjónuðu innanlandsflugi í áratugi. Mynd Isavia.

Reykjavíkurflugvöllur tilvera hans og framtíð í Vatnsmýrinni hafa verið mikið til umræðu allt frá því að borgaryfirvöld ákváðu að flugstarfsemi í Vatnsmýrinni yrði hætt innan tiltekins tíma og landið tekið til annarra. Saga Reykjavíkurflugvallar nær aftur til ársins 1939 að Bretar hernámu Ísland í upphafi heimstyrjandarinnar 1939 til 1945. Umræður um Vatnsmýrina ná þó um tveimur áratugum lengra aftur í tímann. Íslendingar höfðu meðal annars horft til þessa svæðis til flugstarfsemi, en ekki haft bolmagn til þess að hefja neinar umtalsverðar framkvæmdir hvorki þar né annars staðar. Hér er farið stuttlega yfir aðdraganda Reykjavíkurflugvallar.

Upphaf Reykjavíkurflugvallar má rekja til haustsins 1918 er áhugamenn um flug hófu undirbúning að flugrekstri. Í mars árið eftir var fyrsta flugfélagið með nafni Flugfélags Íslands stofnað. Um vorið 1919 gerðu fulltrúar félagsins samning við danskt flugfélag um að annast kynningar og útsýnisflug á Íslandi þá um sumarið. Skömmu síðar festi danska félagið kaup á þremur tveggja sæta landflugvélum og kom ein þeirra með skipi til Reykjavíkur þá um sumarið. Áður en flugvélin kom til landsins höfðu forráðamenn félagsins ásamt liðsforingja og flugmanni úr danska hernum kannað heppilega landingarstaði í nágrenni Reykjavíkur og komist að þeirri niðurstöðu að tún Eggerts Briem í Vatnsmýrinni hentuðu best í þeim tilgangi. Bæjarstjórn Reykjavíkur ákvað í framhaldi þess að taka hluta af túnunum á leigu undir flugvöll. Þarna liggur fyrsti vísir að Reykjavíkurflugvelli eins og landsmenn þekkja hann í Vatnsmýrinni. Upp úr því var rætt um að landssjóður og sýslu- og sveitasjóðir ættu að hefja veðurfarsathuganir, skipuleggja landingarstaði og ákveða flugleiðir. Umræðan í þjóðfélaginu var ekki hliðhollt þessum nýja ferðamáta. Í Morgunblaðinu var

fjallað um málið sumarið 1918 og sagt að rætt væri um það eins og talað hefði verið um bifreiðar og togara tveimur áratugum fyrr. Lítið gerðist og var fyrsta flugfélag Íslands lagt niður.

Hugað að norðurleið

Á millistríðsárunum var farið að huga að svokallaðir norðurflugleið. Leið um Ísland, Grænland og Kanada. Var það gert vegna þess að ekki var talið nægilega öruggt að fljúga langar leiðir yfir opnu hafi, en þarna væri hægt að hafa æskilega landingarstaði og á öndverðum fjórða áratugnum sýndu nokkur stór erlend flugfélög þessari flugleið áhuga. Árið 1932 veittu stjórnvöld hér á landi Transamerican Airlines Corporation leyfi til farþega- og pósthugs milli Íslands og annarra landa og færðist leyfið síðar til Pan American Airways.

Agnar Kofoed Hansen kemur til sögunnar

Upp úr miðju ári 1936, nánar tiltekið þann 7. ágúst réðst Agnar Kofoed Hansen til starfa sem flugmálaráðunautur ríkisins. Fljótt lét hann þau sjónarmið í ljósi að með starfi sínu væri stígið fyrsta skrefið til að endurvekja flugsamgöngur innanlands. Pan American Airways leitaði fyrir sér um flugsamgöngur við Ísland en ekkert kom út úr því máli og 1939 var ákveðið að byggja upp flugleið sunnan við Ísland sem skýrist af tilkomu langdrægari flugvéla. Ríkisstjórn Íslands vildi þá kanna aðrar leiðir og fór Agnar Kofoed Hansen til nokkurra landa til þess að kynna sér stöðu flugmála. Upp úr því komu fulltrúar evrópskra flugfélaga t.d. hollenska KLM og þýska Lufthansa sem sótti fast að fá flugleyfi hingað til lands. Það leyfi var þó ekki veitt enda nasistastjórnin komi til valda og allt stefndi í stríðsátök sem varð raunin. Í Morgunblaðinu var lagt til að ríkið og Reykjavíkurborg sameinuðust um stofnun eins allsherjar flugfélags sem hrundið

yrði af stað með söfnun líkt og gert var þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað. Flugmálafélag Íslands var síðan stofnað fyrir tilstuðlan Agnars Kofoed Hansen og áttu ýmsir áhrifamenn í þjóðfélaginu sæti í því.

Ekki allir sammála um Vatnsmýrina

Eitt af verkefnum Flugmálafélagsins fyrstu árin var að undirbúa gerð flugvallar í Vatnsmýrinni á túnunum Eggers Briem. Túnin höfðu þá ekki verið notuð frá því fyrsta Flugfélag Íslands hætti starfsemi 1920. Tveir uppdrættir af flugvelli eru til frá þeim tíma, eftir Hörð Bjarnason arkitekt og Gústaf E. Pálsson verkfræðing. Á báðum uppdráttunum var gert ráð fyrir 80 metra breiðum flugbrautum og frá 850 til 1200 metra löngum. Flugvallarmálið kom til tals á fundi bæjarstjórnar í mars 1938. Þá þótti Guðmundi Ásbjörnssyni fulltrúa Sjálfstæðisflokksins fráleitt að staðsetja flugvöll í hjarta bæjarins enda væri algild regla að byggja flugvelli utan við eða alllangt frá byggðum svæðum. Sigurður Jónsson varafulltrúi Framsóknarflokksins sakaði þá sjálfstæðismenn um óvild í garð flugvallarmálsins, en Framsókn var í minnihluta í bæjarstjórninni.

Vatnsmýri eða Kringlumýri

Skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa tók flugvallarmálið fyrir og taldi að ýmsar hindranir væru í vegi flugvallar í Vatnsmýrinni. Þar á meðal háar byggingar í nágrenni og einnig að loftskýtamöstur á Melunum vestan Vatnsmýrarinnar gætu valdið vanda. Nefndin taldi einnig nauðsynlegt að byggja á athugunum frá fleirum en flugmönnum. Var Geir Zoëga vegamálastjóra falið að ræða við óvilhalla aðila sem hefðu þekkingu á flugstarfsemi. Nefndin vildi taka tillit til fleiri atriða en flugsins, þegar kom að nýtingu landsins í Vatnsmýrinni og nágrennis hennar.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Séð yfir Reykjavíkurflugvöll. Á myndinni má glöggst sjá það landsvæði sem flugvöllurinn tekur yfir í miðborg Reykjavíkur. Mynd Isavia.

Vatnsmýrin var ekki talin alls kostar ákjósanleg. Hús voru til fyrirstöðu og vegir of nálægt flugbrautum. Landið væri hugsanlega of verðmætt fyrir flugvöll. Einnig var bent á að enn væri nægjanlegt landrými fyrir nýbyggingar í Reykjavík og því væri óhætt að leggja Vatnsmýrina undir flugvöll. Undir lokin stóð valið á milli tveggja staða Kringlumýrar og Vatnsmýrar og var Kringlumýri talin hafa ótvíræða kosti umfram Vatnsmýrina. Í framhaldi af fundi skipulagsnefndar í maí 1939 var Gústav E. Pálssyni verkfræðingi falið að gera athugun á Kringlumýrarsvæðinu, sem flugvallarstaði og vinna kostnaðaráætlun um framkvæmdir.

Kaldaðarnes reyndist illa
En mál voru nokkuð fljót að

taka breytingum. Ísland var hernumið af Bretum 10. maí 1940 og settu þeir upp varðstöðvar við þá staði sem notaðir höfðu verið fyrir flugsamgöngur. Skömmu síðar fóru Bretar að leita eftir hentugum stöðum til flugvallagerðar. Leonard K. Barnes flugleiðsforingi sem stýrði athugun Breta taldi ekki nægjanlegt svigrúm fyrir herflugvöll í Vatnsmýrinni vegna nálægðar við byggð. Bretar völdu því Kaldaðarnes, en það reyndist ekki sem skyldi. Flugvöllur í Kaldaðarnesi var illa staðsettur með tilliti til umferðar og aðdráttar og var einnig inn á flóðasvæði Ölfusár.

Kringlumýrin slegin af
Flugmálafélag Íslands fór um þetta leyti fram á við borgarráð

að unnar yrðu frekari athuganir á flugvallarstaði í Vatnsmýrinni og einnig kostnaðaráætlanir við gerð flugvallar. Bæjarráð féllst á þessar hugmyndir og þar með var Kringlumýri slegin af sem flugvallarstaði. Farið var fram á að tryggð yrði eignarhald á 66,8 hekturum lands í samræmi við vilja Flugmálafélags Íslands. Áætlaður kostnaður við gerð flugvallar var 125 þúsund krónur við fyrsta áfanga og um 175 þúsund krónur fyrir síðari áfanga eða um 300 þúsund krónur í heild.

Bretar byggðu völinn
Lengra náði þessi saga þó ekki, því breski herinn fór um landið og lét gera flugbrautir á ýmsum stöðum. Ein þeirra var á Melunum við Öskjuhlíð. Um



Douglas DC3 flugvél Flugfélags Íslands eða þristurinn eins og þessar vélar voru jafna kallaðar á flugsýningu á Reykjavíkurflugvelli. Segja má að þristurinn hafi markað reglubundið áætlunarflug frá Reykjavíkurflugvelli og var í notkun frá því á sjöunda áratug liðinnar aldar þegar Fokker F 27 vélar leystu hann af hólmi. Mynd Flugskólinn Þýtur.

miðjan október 1940 var áhugi borgaryfirvalda vakinn á því að Bretar væru byrjaðir á flugvallargerð sunnan við Vatnsmýrina. Gagnrýndi Bjarni Benediktsson þáverandi borgarstjóri þann verknað harðlega og sagði að ekki hefði verið leitað til stjórnvalda bæjarfélagsins um samþykki. Lagði hann til við stjórnvöld að ríkið næði eignarhaldi í Vatnsmýrinni sem væri í einkaeign en ætlað væri sem framlag þess til flugvallargerðar. Ólafur Thors for-sætisráðherra var sama sinnis og var þessari fyrstu flugvallargerð við Vatnsmýrina mótmælt. Þessi mótmæli dugðu þó skammt því í bréfi Harry O. Curties hershöfðingja kemur fram að hernámsliðinu hafi verið nauðugur sá kostur að láta gera flugvöll fyrir allar tegundir flugvéla í Reykjavík og hefði Vatnsmýrin orðið fyrir valinu. Taldi hann einnig nauðsynlegt að ríkið

eignaðist landið til að herstjórnin þyrfti ekki að hafa samskipti við aðra en ríkisstjórnina varðandi það. Á ríkisstjórnarfundum 1. nóvember sama ár var samþykkt að taka landið í Vatnsmýrinni eignarnámi. Ráðuneytið ítrekaði enn á ný mótmæli við flugvallargerðina en tók fram að frekari mótmæli yrðu ekki viðhöfð. Eftir þetta hófust Bretar handa og byggðu flugvöllinn í Vatnsmýrinni rúmum tveimur áratugum eftir að fyrst var rætt um flugstarfsemi þar og hluti túna Eggerts Briem tekin á leigu fyrir flugbraut.

*Heimildir:
Saga flugvallar og flugleiðsögu á Íslandi. Arnþór Gunnarsson 2018.
Greinar úr dagblöðum.*

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi



BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið virka daga 11-22 og um helgar 9-22
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113



**Jacek er reiðhjólaviðgerðarmaður
Bike Cave - hann kemur frá Pýskalandi og
er snillingur með sérþekkingu á öllu sem
við kemur reiðhjólum og reiðhjólasmíði.**

Tímapantanir í síma 788-7616 eða 770-3113.

**Hringdu strax og þú færð góða og skjóta
þjónustu á viðráðanlegu verði.**

Tónlistarmaður vikunnar í Hagaborg hefur vakið athygli

Verkefnið Tónlistarmaður vikunnar í Hagaborg hefur vakið gríðarlega lukku hjá börnunum á Fuglalandi. Börnin á deildinni tilheyra tveimur elstu árgöngum leikskólans og þar starfar Tryggvi Heiðar Gígjason ásamt Mariu Steindórsdóttur deildarstjóra, Rakel Eddu Ólafsdóttur deildarstjóra og Sigitu Halldórsson.

Tryggvi hefur haldið utan um verkefnið en markmiðið með verkefninu var að kynna íslenskt tónlistarfólk og ýmsar tónlistarstefnur fyrir börnunum. Á meðal þess sem var tekið fyrir var blús, Abba og Queen. Íslenskt tónlistarfólk kom í Hagaborg og hélt tónleika fyrir börnin í leikskólanum og voru tónleikaröðin mjög vel heppnuð. Þeir sem komu og héldu tónleika voru tónlistarfólkið Bláskjár, Svavar Knútur, Tryggvi og Unnur Sara Eldjárn.

Markmið og tilgangur verkefnisins er að kynna ólíka strauma og stefnur í tónlist ogað búa til vettvang fyrir börn, foreldra og kennara til að njóta saman tónlistar úr öllum áttum – umræður og gæðastundir barna og fullorðinna. Foreldrar taka þátt í að hlusta með börnunum heima fyrir Kynnast ólíkra og fjölbreyttri menningu og hugsun og bera virðingu fyrir ólíkra menningu, hugsun og smekk. Verkefnið hvetur börn þess að vera meðvituð um þá tónlist og hljóð sem eru í umhverfi þeirra.



Unnur Sara Eldjárn





Svavar Knútur.

Börnin í Undralandi í sveitinni

Börnin í Undralandi skruppu í sveitina á dögunum en ferðin var farin vegna sérstakrar dýravíku í frístundaheimilinu.

Þar sáu þau mörg dýr. Þeirra á meðal var hundurinn Trýna sem elti prik allan daginn, fjögurra daga gamall kálfur, hænuungar, hestar, heimalingar og mörg fleiri dýr. Bóndinn var búinn að slá túnblettinn fyrir neðan bæinn sérstaklega fyrir heimsókn krakkanna þannig að allir gátum leikið í heyinu. Sumir skelltu sér meira að segja í fjallgöngu á milli nesta. Það var nóg að gera í sveitinni

Þessar myndir voru teknar í sveitaferðinni.



Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álfheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Ungmennni Tjarnarinnar í Larpi í Öskjuhlíð

Hugmyndaauðgi félagsmiðstöðva Tjarnarinnar á sér lítil takmörk. Um daginn fóru unglingarnir í félagsmiðstöðvunum í Larp í Öskjuhlíðinni. Larp, eða rauntímaspunaspil er einskonar hlutverkaleikur sem gengur út á að spinna sögur og leika sér.

Í Larpi er unnið með hæfnipætti menntastefnu Reykjavíkurborgar, sköpun, læsi, félagsfærni, sjálfsefningu og heilbrigði. Þetta eru einmitt mjög mikilvægir þættir í mannkostamenntun segir í frétt frá Tjörnninni. Rauntímaspunaspil er nátegt spuna-leikhúsi en teygir sig einnig inn í samfélög áhugafólks um sögulegar sviðsetningar. Það er þó nokkuð víðara hugtak, er yfirleitt stundað utandyra og þátttakendur eru ekki endilega fagleikarar heldur getur hver sem er verið með í leiknum. Stundum er fyrirbærið kallað kvikspuni á íslensku. Kvikspunaleikarar í Reykjavík hittast á laugardögum



Þessir Larparar eru reyndar þýskir en ekki ungmenni í Öskjuhlíðinni í Reykjavík en hún gefur aðeins vísbendingu um hvað er að ræða.

Í Öskjuhlíð í Reykjavík, í ævintýrlegum búningum sem þau hafa ýmist keypt eða útbúið sjálf. Og nú hafa ungmenni í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar tekið þátt í leiknum.

Skemmtun á kajak



Margt er gert til gamans í Vinnuskólanum. Unglingar í Hofinu fóru á kajak um daginn og skemmtu sér mjög vel enda sól, blíða og bongó í Siglunesi. Þar er alltaf tekið vel á móti krökkunum og gott að koma þangað.



LAGNAVIÐGERÐIR

SÍMI: 581 1888 / WWW.LAGNAVIÐGERDIR.IS

LANGVARANDI LAUSN & SKJÓT VINNUBRÖGÐ

Lagnaviðgerðir býður uppá langvarandi lausn og skjót vinnubrögð á sviði endurnýjunar á skólplögnum, frárennislögnum

FÓÐRUN SKÓLPLAGNA

Fóðrun lagna felur í sér að búa til nýja lögn inni þá eldri skólplagnir, frárennislagnir sem eru skemmdar eða tærðar. Lagnir eru þá endurnýjaðar með því að blása inn sérstökum sokk



Brawoliner efnið sem við notumst við býður upp á óaðfinnanlegan textíl sokk. Þökk sé sérstakri aðferð við framleiðslu hans er gott að meðhöndla efnið frá Brawoliner sem gerir vinnuna fljótlega. Þetta býður uppá hina fullkomnu lausn fyrir skemmdar skólplagnir efnið getur tekið beygjur allt að 90° og allt að tveimur breytingum í þvermál. Brawoliner er með endingartíma til allt að 50 ára þessi lausn er hrein, hagkvæm og umhverfissvænn valkostur sé borið saman við að brjóta eldri lagnir upp.

Lagnaviðgerðir notast eingöngu við sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna.

NÝJASTA TÆKNI OG GÆÐA EFNI VIÐ FÓÐRUN LAGNA

Lagnaviðgerðir sérhæfir sig í fóðrun lagna með nýjustu tækni og endingargóðum efnum. Þau tæki og efni sem Lagnaviðgerðir notar við sokkaaðferðina eru frá þýskum framleiðanda. Sokkurinn sjálfur, hörðnunar- og festiefnin eru gæðavottuð af Byggingaefirlitsstofnun þýskalands (DIB)



Hafðu samband og við komum á staðinn til að meta aðstæður og gerum þér hagstætt tilboð.



RAFLÚNA
ALHLIÐA RAFVERKTAKAR

Tökum að okkur alla alhliða rafverktöku – Stór sem smá verk



Rúnar Kristjánsson
rafvirkjameistari

Sími 617 1111
runarfjeldsted@gmail.com

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með **TUDOR**



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Miðborgin

Nýjar íbúðir seljast hægt



Séð til vesturs yfir miðborgina þar sem margar íbúðir hafa verið byggðar á undanförnum árum.

Nýjar íbúðir í Miðborginni hafa selst hægar en gert var ráð fyrir. Nú er talið að hátt tveir þriðju nýrra íbúða í miðborginni sé óseldur eða um 60% eignanna. Sumar íbúðanna hafa verið í sölu allt í tvö ár. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir að allt að 240 nýjar íbúðir muni bætast við á Miðborgarsvæðinu á næstunni. Mun fleiri íbúðir eru á teikniborðinu en fjárfestar og byggingaraðilar fara sér hægt og laga sig að ástandi markaðarins.

Ef gegnið er út frá því að meðalverð hinna óseldu íbúa á Miðborgarsvæðinu sé á bilinu 50 til 60 milljónir króna, þá má gera ráð fyrri því að allt að 18

til 20 milljarðar liggi í óseldri steinsteypu. Í skýrslu Íbúðalánasjóðs kemur fram að allt að 84% íbúða hafi selst undir ásettu verði í apríl mánuði sl. en aðeins 17% yfir ásettu verði. Í skýrslunni kemur fram að það sem af er þessu ári hafa allt 24% eins og tveggja herbergja íbúða selst yfir ásettu verði en aðeins 7% íbúða með fimm herbergi eða meira. Þetta sýnir glöggð að eftirspurn eftir minni íbúðum heldur áfram að aukast og verð þeirra ríflega tvöfaldast í verði á undanförunum áratug á meðan stærri íbúðir hafa hækkað um 70%.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Vinna að hefjast við Hús íslenskra fræða

Vinna er að hefjast við byggingu Húss íslenskra fræða. Áform um byggingu þess eiga sér langa sögu og hefur grunnur að fyrirhuguðu húsi við Suðurgötu staðið opinn um árabil.

Alþingi ákvað árið 2005 að leggja fé til byggingar hússins. Þremur árum síðar, í ágúst 2008 lá fyrir niðurstaða í hönnunarsamkeppni og til stóð að hefja framkvæmdir. En tveimur mánuðum síðar skall hrunið á og öllum byggingaráformum var slegið á frest. Árið 2013 vaknaði málið aftur til lífsins og þá tók Katrín Jakobsdóttir, sem þá var mennta- og menningarmálaráðherra, fyrstu skóflustungu á lóðinni og vinna hófst við að grafa grunninn sem staðið hefur opinn síðan. Grunnurinn hefur verið þyrnir í augum nágretta og raunar margra borgarbúa og verið efni í háðsglósur. Grunnurinn hefur meðal annars verið uppnefndur Hola íslenskra fræða. En nú er að verða breyting á og gert ráð fyrir að vinna fari af stað af fullum krafti með haustinu. Í húsinu verða meðal annars sérhönnuð rými fyrir skinnhandritin sem eru í umsjón Stofnunar Árna Magnússonar. Einnig verður þar aðstaða fyrir



Hús íslenskra fræða eins og byggingin mun líta út fullbúin.

kennara og fræðimenn, lesrými, fyrirlestrar- og kennslusalir, bókasafn og kaffihús. Kostnaðaráætlun fyrir húsið hljóðar upp á 6,2 milljarða króna. Ríkissjóður fjármagnar framkvæmdina að stærstum hluta og Háskóli Íslands leggur til 30%.



BRIKK

brauð | eldhús

Við erum komin í Vesturbæinn!
Opið virka daga 7:30-17:00
& um helgar 9:00 -17:00

 [brikkbraud](https://www.instagram.com/brikkbraud)

Gömul mynd

Sauðnaut á Austurvelli



Þannig var umhorfs á Austurvelli fyrir réttum 90 árum. Fólk sendur álengdar og virðið sauðnautakálfa fyrir sér. Gamli Kvennaskólinn er í baksýn.

Ýmislegt er að finna þegar gluggað er í sögu liðinnar tíðar. Egill Helgason fjölmiðlamaður birti á dögum mynd sem tekin var á Austurvelli sumarið 1929. Myndin er af sauðnautakálfum sem sóttir voru til Grænlands í því augnamiði að hefja ræktun þessara gripa hér á landi.

Forsvarsmenn þessara flutninga voru Ársæll Árnason bókbindari og bókaútgefandi í Reykjavík, Þorsteinn Jónsson útgerðar- og kaupmaður frá Seyðisfirði og Kristján Kristjánsson skipstjóri frá Barðaströnd. Þeir stofnuðu félagið Eiríkur rauði og sóttu um styrk til Alþingis árið 1928, sem léði 20 þúsund krónur til verksins. Forsvarsmennirnir höfði trú á að dýr sem gætu lifað sjálfala á Grænlandi hlytu að eiga góða möguleika hér á landi og þannig búbót fyrir íslenskan landbúnað. Þessi hugmyndafræðin gekk þó ekki upp og reyndist ákaflega miðráðin. Dýrin þrífust ekki við íslenskan náttúrulegan veruleika. Eftir erfiða flutninga frá Grænlandi komu sauðnaut til Íslands vorið 1929 og eftir að hafa verið til sýnis á Austurvelli voru þau flutt að Gunnarsholti á Rangárvöllum. Sjö kálfar drápust fljótlega. Síðar komu önnur sjö dýr sem urðu sömu örlögum að bráð. Talið er að dýrin hafi ýmist drepist úr fæðuskorti eða úr búfjársjúkdómum sem þau höfðu ekki áður komist í snertingu við. Síðasta dýrið var kvíga sem fékk heitið Sigga og drapst úr sullaveiki veturinn 1931. Sauðnaut eru klaufdýr af undirætt geitfjár. Þau nærast einkum á grasi, mosa og skófum og lifa í 20 til 30 dýra hjörðum á freðmýrum Norður Ameríku og á Grænlandi.

Styrkir vegna rafhleðslu-búnaðar við fjöleignarhús

Borgarráð hefur samþykkt reglur um styrki vegna hleðslu-búnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús.

Reykjavíkurborg, OR og Veitur undirrituðu samning í apríl síðastliðnum um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík. Eitt af verkefnum í samkomulaginu er stofnun sjóðs þar sem úthlutað yrði styrk til húsfélaga fjölbýlishúsa sem hafa sett upp hleðslubúnað fyrir rafbíla á sínum lóðum.

OR og Reykjavíkurborg munu leggja árlega 20 milljónir króna hvor í þrjú ár í sjóðinn til að úthluta styrkjum til að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Styrkurinn er eingöngu veittur til fjöleignarhúsa með 5 íbúðum eða fleiri samkvæmt skráningum fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands.

Hámarks styrkupp hæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisaukaskatti sem greiddur er í samræmi við framlagða reikninga. Í upphafi verður gert frávik frá þeirri reglu að úthluta í þeirri röð sem umsóknir berast, sbr. 7. mgr. 6. gr. Gefinn verður frestur til 1. september 2019 til umsókna um styrk frá birtingu reglna þessara.

Að þeim fresti loknum verður umsóknum forgangsraðað, í fyrsta lagi eftir fjölda hleðslustaða og í öðru lagi eftir kostnaði þar sem lægri kostnaði á hvern hleðslustað, er raðað frammar hærri kostnaði.

Reykjavíkurborg leggur til stæðin og fé í styrktarsjóðinn, Veitur leggja til heimtaugar og OR fé í styrktarsjóðinn.



GÆTTU TUNGU ÞINNAR



Villtur íslenskur aðalbláberjalatte



Möntruhringir/hálsmen/bönd



Tunguskafa er 2 x mikilvægari en tannbursti. Litir fyrir alla fjölskylduna



Beauty complex fyrir hár, húð og neglur



SPF – náttúruleg sólarvörn. Eykur þol og þrótt



Þar sem andinn býr í efninu



Nailberry eru vegan. Án 12 skaðlegustu efnanna.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367



**Kerrurnar
frábæru frá
Humbaaur eru
til á lager!**



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.




Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar
Ýmsar stærðir og gerðir.



Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

ÞG Verk með lágsta tilboð í uppsteypu Landsbankahússins



Kletturinn. Vinningstillagan að nýjum höfuðstöðvum Landsbankans við hlið Hörpu. Mynd/Arkþing ehf. og C.F. Møller

ÞG Verk átti lágsta tilboð í uppsteypu hins nýja húss Landsbankans. Tilboð ÞG Verks ehf. var 2.782 milljónir króna en kostnaðaráætlun verksins er 2.935 milljónir. Tilboð vegna uppsteypu nýbyggingarinnar við Austurbakka 2 voru opnuð 9. júlí sl. Fimm tilboð bárust og voru þau frá 95% til 110% af kostnaðaráætlun.

ÞG Verk hefur á síðustu árum byggt hundruð íbúða fyrir almennan íbúðamarkað auk þess að þróa og byggja fjölbreytt atvinnuhúsnæði. Fyrirtækið byggði meðal annars Hafnartorgið, sem nú er risið í Kvosinni, í námunda við nýbyggingu Landsbankans. Hið nýja Landsbankahús mun rísa við hlið tónlistarhússins Hörpu, verður steinsteypt fimm hæða verslunar- og skrifstofuhús. Heildarstærð með bílakjallara verður 21.497 fermetrar. Húsið sjálft verður 16.500 fermetrar. Bankinn hyggst nýta um 10.000 fermetra. Byggingarkostnaður er áætlaður tæpir níu milljarðar, að lóðarverði meðtöldu.

Regnbogi á Skólavörðustíg



Samþykkt hefur verið á fundi skipulags- og samgönguráðs að regnbogi verði varanlega málaður á Skólavörðustíg, milli Bergstaðastrætis og Laugavegs. Regnboginn er tákn Hinsegin daga.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



þegar kemur að vandaðri vinnu

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda



Rauði kross Íslands

Efnilegir KR-ingar máluðu Akranes svart og hvítt

93 svartir og hvítir KR-ingar munu seint gleyma heimsmeistaramótinu sínu í knattspyrnu sem fram fór á Skaganum helgina 21. til 23. júní. Mótið er að vísu kennt við álfyrirtæki nokkurt en guttarnir úr Vesturbænum buðu upp á einhver flottustu tilþrif sem sést hafa á knattspyrnuvelli.

Tár, bros og takkaskór eru orð að sönnu en þangað til það verður leiðrétt fullyrðum við að aldrei hafa fleiri KR-ingar tekið þátt á móti. 93 strákar sem skiptust í fimmtán lið. Ekkert annað félag sendi jafn marga fulltrúa á mótið og var lagt í hann í rútum frá Frostaskjöldi snemma á föstudegi þar sem spennan var greinilega mikil. Sóln skein alla helgina en þökk sé andvara af Faxaflóa hélt lúsmý sig fjarri enda enginn í stuði fyrir að láta þann óboðna gest skemma partyið. Strákarnir léku við hvern sinn finger þótt allur gangur hafi verið á því hvort þeir skoruðu fleiri mörk en andstæðingurinn. Raunar var það svo að mörg lið hittu fyrir andstæðinga nokkrum sentimetrum stærri og leikna með knöttinn. Engan bilbug var þó að finna á okkar strákum sem „sýndu styrk á við hvaða foss“, fögnuðu hverju marki og gátu „borið höfuð hátt“ að móti loknu.

Hvert lið spilaði tíu leiki undir handleiðslu flottra þjálfara með flotta stuðningsmenn á hliðarlínunni sem hvöttu liðin samkvæmt bókinni, til dæða án þess að bregða sér í hlutverk óboðins aðstoðarþjálfara eða rífast við einstaka tuðandi stuðningsmenn annarra liða.

Á milli leikja skelltu drengirnir sér í sund, sumir heimsóttu Guðlaugu þeirra Skagamanna, léku sér á Langasandi og sungu með Jónssonum á kvöldvökunni. Margir voru á sínu fyrsta gistimóti, sumir voru að gista að heiman í fyrsta skipti og gaman að sjá okkar efnilegu pílta safna í reynslubankann og stækka um að lágmarki tvo sentimetra eins og Siggí þjálfari komst svo skemmtillega að orði. Strákarnir höfðu alltaf nóg að borða þökk sé framtakssömum foreldrum sem undirbyggðu ævintýrið á Skaganum af mikilli fagmennsku.

Fjórið var mikið og allflestir upplifðu sigra, töp og jafntefli, allan regnbogann. Ekki amalegt að vera í höndum svo metnaðarfullra aðal- og aðstoðarþjálfara sem stóðu sig frábærlega á hliðarlínunni með hag drengjanna fyrir brjósti. Skagamenn fengu líka minjagrip frá KR-ingum í formi fjölda skópara í stærð 35 sem fá að dvelja í íþróttahúsinu á Akranesi þangað til foreldrarnir halda næst norður í land, þ.e. ef þeir muna eftir því að stoppa á Skaganum.

Á myndunum má sjá efnilega KR-inga á Skaganum á dögum.



KR-SÍÐAN



Stelpurnar skoruðu mörkin á Króknum



24 flottustu 9 og 10 ára stelpur Vesturbæjarins lögðu land undir fót um liðna helgi og máluðu Sauðárkrók svartan og hvítan. Árlegt Landsbankamót Tindastóls fór fram í blíðskaparveðri þar sem okkar stelpur voru langflottastar, eins og fyrir fram var reyndar vítað.

Stelpunum var raðað í fjögur lið undir styrkri stjórn Ínnar þjálfara og spiluðu fimm leiki á laugardegi og þrjá til viðbótar á sunnudegi. Upphaflega stóð til að láta KR-inga gista í kútaskáp fjarri öðrum liðum en gripið var í taumana og úr varð úrvalsgisting í kennslustofu í grunnskóla bæjarins.

Grunnskólinn reyndist vera besti eltingaleikvöllur landsins og ekki að sjá að leikjaálagið á stelpurnar hefði nokkur áhrif á ungdóminn þar sem hann spretti eftir hverjum ganginum á fætur öðrum. Svefninn gekk bæði vel og ekki jafnvel. Hver kannast ekki við spennuna í loftinu fyrsta kvöldið? Síðara kvöldið voru allir dauðuppgjefnir og sofaðir klukkan ellefu eins og óskrifuð lög gera ráð fyrir.

Öll góð lið þurfa góða bakhjarla og 6. flokkur kvenna naut framtakssamra foreldra sem græjuðu liðið með fyrirtaks nesti fyrir helgina. Grillaðar samlokur með skinku og osti hurfu ofan í KR-inga sem og ávextir og drykkir.

Gengi liðanna var upp og ofan eins og gengur í bransanum. En hvort sem vel gekk eða ekki mættu fulltrúar Vesturbæjarins einbeittar og ákveðnar í hvern einasta leik. Á hliðarlínunni stóðu foreldrarnir, hver öðrum rauðari í framan eftir sólskinið og klöppuðu stúlkunum lof í löfa. Hverju marki var fagnað veglega enda vandfundin betri tilfinning en þegar boltinn syngur í netinu eftir eigið spark. Ekki voru markvörslurnar af verri endanum heldur.

Þjálfararnir stýrðu stelpunum af mikilli list og kenndu foreldrum sitt hlutverk. „Skjóttu bara“ kallaði einn pabbinn þegar efnilegur KR-ingur var með boltann á miðjum velli eftir flott spil. „Nei, alls ekki!“ kallaði Ínn á móti og lagði mikið upp úr að stelpurnar spiluðu áfram sín á milli og kæmu sér í betri færi.

Algjört símabann var hjá þátttakendum á móti sem gerði það að verkum að hverrar mínútu var notið í raunheimum en ekki netheimum. Stelpurnar létu sér svo sannarlega ekki leiðast og léku við hvern sinn finger innan sem utan vallar.

Stelpur gerðu foreldra og aðra stuðningsmenn meiriháttar stolta með tilþrifum sínum, jákvæðu viðhorfi og baráttugleði þessa eftirminnilegu helgi á Króknum.

1X2

GETRAUNANÚMER

KR ER


107



www.kr.is



Ú T S A L A



Komdu í
Sjónmælingu
til okkar!

20–80% afsláttur af umgjörðum og 20% afsláttur af glerjum!

Ath. afsláttur af glerjum gildir aðeins ef keypt er umgjörð með.

 **Gleraugað**

Kringlunni
s 568 1800